



Eldri og yngri leikarar í Óvitum.



# Þetta eru óvitar

**Þjóðleikhúsið:**  
**ÓVITAR**  
eftir Guðrúnu Helgadóttur.  
Lýsing: Kristinn Danielsson.  
Leikmynd og búningar:  
Gylfi Gíslason.  
Leikstjóri: Brynja Benedikts-  
dóttir.

ÚR BÓKUM Guðrúnar Helgadóttur minnumst við ýmislegs sem gerist í Óvitum. Segja má að hér sé heimur bóka hennar kominn á svið. Guðrúna lætur vel að segja frá hversdagslegu lífi barna og fullorðinna, að vísu með gagnrýnum hætti, en alltaf án þess að dæma. Það er ákaflega mannlegur og hlýr boðskapur í verkum hennar og þau miðla honum sjálf án þess að höfundurinn sé sífellt að vísa til vegar. Þessi einkenni verka Guðrúnar Helgadóttur gefa reyndar til kynna að hún kunni vandmeðfarna list og það er óhætt að segja. Leikrit hennar, Óvitar, er enn ein staðfesting þess hve gott vald hún hefur á að túlka sjónarmið sín í formi skáldskapar. Það er gleðiefni í skammdeginu að kynna Óvitum. Og það fer ekki á milli mála að verkið höfðar jafnt til barna og fullorðinna. Þetta er leikrit handa öllum.

Í Óvitum leika börn fullorðna og fullorðnir börn. Þar er líka leikið sér að þeirri þversögn að um að gera sé að minnka. Börn

þurfa að borða lítið til að minnka, en ekki öfugt eins og löngum hefur verið klifað á. Þessi skemmtilega brella höfundarins gerir það að verkum að áhorfandinn fer að hugsa um efni leikritsins á gagnrýnn hátt. Hefðbundin viðhorf eru tekin til endurmats.

Drengurinn Finnur er orðinn þreyttur á stanslausum erjum foreldra sinna. Hann ákveður að flýja að heiman og leynist hjá skólalábróður sínum Guðmundi.

## Leiklist

eftir JÓHANN  
HJÁLMARSSON

Fjölskylda Guðmundar er dæmigerð streitufjölskylda. Faðir hans kemur varla heim nema sem gestur. Móðirin er á kafi í félagsmálum. Börnin eru vanrækt. Þetta er sú ásökun sem mest ber á í Óvitum. Það er engin leið að láta sér líða vel, hafa það skemmtilegt. Fólk er fangar umhverfis síns, berst með straumi tíðarandans. Þetta vill höfundurinn benda á og það tekst svo sannarlega. En hér er ekkert raus á ferð, enginn reiðilestur yfir samtíðinni. Vopnið er húmor sem hittir í mark.

Ymsir leikarar njóta sín vel í

barnahlutverkum. Eg nefni sem dæmi Sigurð Skúlason, Randver Þorláksson og Guðrúnu Þórðardóttur. Mest er þó um vert að börnin vinna á sinn hátt marga leiksgra. Það er dálítið erfitt að gera upp á milli þeirra. Gervi þeirra er mjög gott og greinilega hefur leikstjórinn unnið verk sitt af alúð þannig að öll atriðin takast vel, hver og einn leggur sig fram. Það er athyglisvert hve börnunum tekst frábærliga að herma eftir fullorðnum, draga fram hið skoplega í fari þeirra sem vilja láta líta upp til sín. Við könnumst við ýmsar persónugerðir úr daglega lífinu sem hér eru skopstældar, en heiskjulaust. Svona er víst fullorðna fólkið þegar á allt er lítið. Hver kannast ekki við bílstjóra, lög-  
regluþjóna, öskukarla, presta, skólustjóra, lækna og aðra þá sem koma við sögu? Allir eru þeir að hamast við að leika sína rullu í lífinu og innræta börnunum að haga sér eins og þeim best líkar. Allt skal vera eftir uppskrift samfélagsins.

Styrkleiki Óvita er það á hve skilningsríkan hátt er fjallað um mannlega bresti.

Leikmynd og búningar Gylfa Gunnarssonar ráða líka miklu um hve sýningin er eftirminnileg og gaman að vera þátttakandi í þessu nútímalega ævintýri þótt maður sé að nafninu til í hópi áhorfenda.

Mynd eftir  
Kees Visser.



ara manna, sem mest hefur kveðið að hér á myndgerðarsviðinu. Hann á þarna verk, sem gert er í gips og byggt á stærðfræðilegum grundvelli. Hann segir verki sínu til skýringar á plakati í sýningarskrá: Öll gildi talna breytast, eftir því hvaðan þær

uppi undir rjáfri, sem ekki var hægt að sjá. Hann á einnig verk niður á gólfi, og ég held, að teiknuð verk hans hafi höfðað einna mest til mín. Það er annars ekki furðulegt, þótt maður ruglist í því, hver á hvað á þessari sýningu. Þar eru heldur litlar upplýsingar, að vísu eru nöfn sýnenda á einum og einum stað, en hvergi nægilegt til að skilja hlutina að. Þar að auki eru verkin þess eðlis, að ekki er auðvelt að sjá persónulegan svip nema á einstöku verki. Sá frá Hollandi heitir KEES VISSER og er furðulega hefðbundinn í verkum sínum. Má sanna það með því að minna á verk Theos van Duisburg á sínum tíma. Visser gerir grein fyrir pappírfléttum sínum á plakati í sýningarskrá, og ætla ég ekki að

## Nýr íslenskur sjónvarpsþáttur um fjölskyldulíf á döfinni

Á FUNDI útvarpsráðs í gær var samþykkt tillaga frá Ernu Ragnarsdóttur um að hefja undirbúning að nýjum íslenskum sjónvarpsþætti, Daglegt líf. Yrði þáttur þessi á dagskrá mánadaglega, 50 mínútna langur í senn og fjallaði um málefni og kringumstæður úr daglegu lífi fólks.

Í tillögum Ernu Ragnarsdóttur segir m.a. að hér sé um að ræða tilraun til að færa sjónvarpið nær fólki með umfjöllun um daglegt líf í nútímapróðfélagi. Væru málefni og kringumstæður úr daglegu lífi fólks áhugaverð m.a. vegna þess

að þau snertu marga og beindist umræða manna og áhugi mjög að fjölskyldumálum, tómstundastarfi, neytenda- og heilbrigðisfræðslu og menningarmálum. Mikilvægt er að efni þáttanna sé fjölbreytt, víða komið við og að fólk og athafnir manna tali sjálfstíni máli, blaðamenn og sjónvarpið trufla sem minnst, segir einnig í tillögum Ernu. Sem fyrr segir var samþykkt í útvarpsráði að hrinda þætti þessum af stað og verður í fyrstunni leitað umsýsnarmanns, en gert er ráð fyrir að þátturinn hlaupi af stokkunum eftir áramótin.



Ísafjörður:

## Sjálfstæðishúsið opnar eftir breytingar

Ísafirði, 20. nóv.  
UM síðustu helgi opnaði Sjálfstæðishúsið á Ísafirði eftir gagngerar breytingar.

B.G. flokkurinn tók húsið á leigu í byrjun október og hyggst nota það til dansleikjahalds og álíka mannfagnaða. Salur í kjallara hefur verið stækkaður og föstum borðum komið fyrir þar og í aðalsal. Allar innrétt-

ingar eru snyrtileg og húsakynninn notaleg. B.G. flokkurinn bauð til samkvæmis s.l. föstudagskvöld, þar sem breytingarnar voru kynntar. Á laugardag var svo Litli-leikklúbburinn með árs hátíð sína í húsinu. Samkomusalirnir heita Uppsalar. Framkvæmdastjóri er Halldór Sveinbjörnsson.

— Úlfar.

## Á Kjarvalsstöðum

Fimm af yngri myndgerðarmönnum halda sýningu á verkum sínum, sem stendur á Kjarvalsstöðum. Þarna eru á ferð fjórir Íslendingar og einn frá Hollandi. Ekki verður því neitað, að ólíkir eru þessir þátttakendur í verkum sínum. Sumir þeirra nota fleiri en eina aðferð til að tjá hugmyndir sínar, ljósmyndavélina, brotna spegla, gips og annað efni. Það er því margt að finna hjá fimm menningunum, og jafnvel er nokkur vidd í því, hvernig þeir taka á málum. Margir hafa kosið að kalla slíka listamenn, nýlistamenn, ekki kann ég því, enda er fátt algerlega nýtt undir sólu, og ef vel er að gáð, standa þessir piltar sem næst því, er gert var í tilraunaskyni í Evrópu á áratugum 1920 til 1930. Sumir þeirra eru að vísu nær okkar tímum, en það er freistandi að kalla þessa menn íhaldssama, en ekki nýlistamenn. Mér virðist hér um endurtekningar að ræða í sumum tilfellum með efni og hugmyndir, eins og oft vill verða í listum. Galdurinn er aðeins sá að gera hlutina svolítið á annan veg en áður hefur verið gert. Þá hefur heppnast að halda reisin hefðarinnar við.

MAGNÚS PÁLSSON hefur um nokkurt skeið verið sá þess-

eru skoðaðar og hvort þær eru skrifaðar í tveimur eða þremur víddum. Þannig farast Magnúsi orð um þetta verk sitt. Maður verður óneitanlega þess var, að það sækir á hugann spurningin: Hvað kemur þetta myndlist við?

ÓLAFUR LÁRÚSSON á þarna fjölda verka. Sum þeirra eru gerð með ljósmyndataekni,

## Myndlist

eftir VALTÝ  
PÉTURSSON

en önnur með brotnu spegilgeri í ramma. Þessi verk Ólafs þótti mér einna forvitnilegust á þessari sýningu, og hafði ég gaman að þeim.

ÞÓR VIGFÚSSON notar einnig alls konar tækni til að tjá hug sinn. Ekki fannst mér hann nægilega frumlegur í kubbum sínum og málverkum, en sumum verka sinna hefur hann komið svo frumlega fyrir á veggjum, að ógerningur er að sjá þau. Ef til vill tilheyrir það verkunum? Hver veit? Eða er ég að fara villur vegar, var það KRISTINN HARDARSON, sem átti myndir